

Áskoranir í rekstri upplýsingatækni

Hjá Össuri starfa um 1.800 starfsmenn á 16 skrifstofum í öllum helstu heimsálfunum. Í raun er ekki til sá klukkutími í sólarhringnum þar sem ekki er starfsemi hjá fyrirtækinu einhvers staðar í veröldinni.

Engum á Íslandi hefur dulist vöxtur fyrirtækisins á síðustu árum. Uppbygging og samþætting tölvukerfa hefur haldist í hendur við breytingarnar og hafa framfarir oftast verið mjög háðar tölvukerfunum.

Til að mæta þörfum starfseminnar var ábyrgð og rekstur á upplýsingatæknimálum hjá Össuri færð í átt að miðstýringu og hefur margt áunnist við það. Samfara breyttu skipulagi hefur áhersla verið lögð á að velja til samstarfs aðila sem styðja vel við hnattvæðinguna.

Oftast starfa sölu- og þjónustuaðilar í upplýsingatækni eftir landfræðilegum mörkum, t.d. milli Ameríku og Evrópu. Þegar um er að ræða kaup á hugbúnaði getur þessi uppskipting verið nytsöm þar sem flestir söluaðilar horfa eingöngu til þess hvert á að senda reikninginn. Annað gildir um kaup á hugbúnaðarþjónustu þar sem helsta áskorunin felst í að tryggja viðeigandi aðgengi hennar. Sjaldnast eru í boði alþjóðlegir samningar til lítilla og meðalstórra fyrirtækja eins og Össur telst á alþjóðlegan mælikvarða.

Stjórnendur í upplýsingatækni hjá alþjóðlegum fyrirtækjum í slíkri stöðu standa því frammi fyrir því verkefni að meta hagræðinguna sem hlýst af miðstýringunni á móti þeim áskorunum sem hún færir vegna samstarfsaðila sem eru fastir í sínum hefðbundnu landfræðilegu afmörkunum.



Guðmundur Örn Óskarsson stýrir upplýsingatæknimálum Össurar.

